



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 14. september 2015 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Hóll. Gripahús.

Þórhallur Þorsteinsson leggur fram byggingarnefndarteikningar af gripahúsi ásamt skráningartöflu. Skv. afstöðumynd er gripahúsið staðsett á eyrinni ofan Norðurdalsvegur.

Stærðir:	lengd	22,68 m
	breidd	14,28 m
	rishæð	5,27 m
	heildar flatarmál	323,9 m ²
	heildar rúmmál	1499,6 m ³

Húsið er stálgrindarhús á steypum sökkli og með steyptri plötu. Innri nýting hússins er afmörkuð í fjárhúshluta 258 m², hesthús 40 m² og aðstöðu 25 m².

Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar fyrir sitt leyti og veitir byggingarleyfi fyrir húsinu.

2. Laugarfell. Starfsmannahús.

Byggingarfulltrúi sagði frá stöðu framkvæmda við aðstöðuhúsið við Laugarfellsskála. Búið er að koma fyrir steypufylltum tunnnum í byggingarreit sem burðarbitar hússins munu hvíla á. Gert er ráð fyrir að TRIMO einingarnar verði fluttar á staðinn næst komandi föstudag 18. september og þeim komið fyrir á byggingarreitnum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:30
Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson